



Grein birt 10. september 2012

Magnús Þorkelsson

Er hægt að bera saman íslenska framhaldsskóla í einum lista?

Nokkur orð um röðunarkerfi

Frjálsrar verslunar

Röðun skóla (e. *ranking*) er vel þekkt víða um heim. Á Íslandi var henni að sögn fyrst beitt vorið 2011 af blaðinu *Frjálsri verslun (FV)* og aftur 2012. Greinin fjallar um röðun sem aðferð og lítur á alþjóðlega umræðu um efnið, það sem helst þykir mæla með eða gegn röðun. Hún lýsir þáttum sem varða íslenska skólakerfið og röðun skóla. Að því búnu rekur hún inntak og aðferðir íslensku kannananna 2011 og 2012 og leiðir að þeirri niðurstöðu að þær standist ekki samanburð við röðun í löndum á borð við Svíþjóð, Bretland og Pólland. Aðferðafræðin sé of einföld, gögn ekki gagnleg og ekki gefi haldbæra niðurstöðu að raða skólum í eina töflu. Kallað er eftir því að stjórnvöld og skólar búi til gott kerfi. Höfundur er aðstoðarskóla-meistari í Flensborgarskóla og vinnur að doktorsritgerð þar sem íslenska framhaldsskólakerfið er til skoðunar.

Is it possible to compare all Icelandic Upper Secondary schools in one list? Observations on the classifying systems used by *Frjáls verslun* (e. *Free trade*, magazine)

Ranking schools is a well known phenomenon world wide. It was done for the first time in Iceland by the magazine *Frjáls verslun* (e. *Free trade*) in spring 2011 and again in 2012. The article deals with ranking as a methodology, looks at the international debate and what are the pros and cons in the matter. It describes issues regarding the Icelandic system, concerning ranking. It then goes through the content and methods of the Icelandic surveys of 2011 and 2012 concluding that the Icelandic survey is not comparable with rankings from other countries such as Sweden, the UK and Poland. Methods are too simplified, data is not useful and putting all schools in one table does not give valid results. The article calls for a good system to be built up by the government and the schools. The author is vice principal of Flensburg upper secondary school and is writing a doctoral thesis contemplating the secondary school system in Iceland.

Inngangur

Vorið 2011, þegar innritun nýnema í framhaldsskóla stóð sem hæst, birti tímaritið *Frjáls verslun* (hér eftir kallað *FV*) grein sem hét *Hvaða skólar skara framúr?* Vorið 2012 var leikurinn endurtekinn (Pawel Bartoszek, 2011, 2012). Í þessum tveimur greinum, sem hér

er vísað til, er íslenskum framhaldsskólum raðað eftir tölfærðum sem byggir á þáttum sem greinast í flokka. Í kynningu blaðsins 2011 kemur fram að verið sé í fyrsta sinn á Íslandi að gera könnun á skólum en slíkar kannanir eigi sér töluverða hefð beggja vegna Atlantshafsins. Þær (slíkar) kannanir séu hugsaðar sem eitt af hjálpartækjum sem nýta megir við val á skólum, þær geti veitt stjórnendum aðhald og gefið vísbendingar um styrkleika og sóknarfæri skólakerfa. Skólar séu bornir saman í mörgum flokkum og raðað með hliðsjón af því. Þannig megi sjá hvaða skóli skari framúr (Pawel Bartoszek, 2011, bls. 30–31). Í kynningu greinarinnar 2012 kemur fram að það sé von þeirra sem að greinin standa, að upplýsingarnar gagnist „þeim sem hyggja á nám í framhaldsskóla“ (Pawel Bartoszek, 2012, bls. 52). Af þessu má ráða að *Frjáls verslun* telji könnun sína sambærilega erlendum könnunum. Þegar fyrri greinin kom út vakti hún miklar umræður og gagnrýni, ekki síst í netmiðlum. Vorið 2012 var það tilfinning höfundar að mun minna færi fyrir umræðum.

Í þessari samantekt er ætlunin að fjalla stuttlega um erlendar kannanir þar sem beitt er röðun (e. *ranking*), sitthvað úr skrifum sem mæla með eða gegn slíku, sýna dæmi um raðanir og dæmi um viðhorf fræðimanna. Síðan verður stuttlega fjallað um íslenska framhaldsskólann, farið yfir þau gögn sem *FV* leggur til grundvallar röðun og loks reynt að draga fram hvers vegna þurfi að taka niðurstöður *FV* alvarlega. Aftan við greinina er listi yfir framhaldsskóla, skammstafanir og fleira, sem og helstu vefslóðir sem vitnað er í til upplýsingar og skýringa.

Meginspurning þessarar samantektar er: Standast þessar kannanir fræðilegar kröfur eða samanburð við erlendar rannsóknir?

Samanburður á skólum (e. *ranking*)

Skólakerfi Vesturlanda búa yfir gríðarlegum upplýsingum um skólamál og skólaþróun. Með aukinni tölvutækni og tengingum milli netkerfa sem geyma slíkar upplýsingar er hægt að leita uppi gögn og safna saman. Þannig má vinna með ótrúlega margbrotin gögn og birta að því búnu afleidd gögn á prenti eða í gagnvirkum miðlum. Hagstofur einstakra ríkja safna gögnum en jafnframt eru alþjóðastofnanir umsvifamiklar á þessu sviði. Á hverju ári birtast samantektir af margvíslegum gerðum og er nærtækast að horfa til Efnahags- og framfarastofnunar, OECD, sem birtir m.a. miklar upplýsingar um skólamál og tengir þar jafnvel saman úrvinnslu óskyldra gagnabanka um menntun og lífsskjör (OECD, 2010b). Almenn gagnasöfnun byggir á alþjóðlegum stöðlum skilgreindum af Mennta-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO og OECD en hvert ríki skilar inn gögnum sem það telur flokkuð eftir fyrir mælum OECD. Slík gögn eru þá unnin og þeim skilað inn af hagstofum ríkja.

Í alþektri könnun sem kallast PISA (OECD, 2010a) eru lagðar spurningar fyrir stóra hópa ungmenna í aðildarríkjum OECD, hópa sem teljast að langstærstu leyti vera á grunn-skólastigi samkvæmt íslenskum skilgreiningum. Hér flækist málið því skil framhalds- og grunnskóla eru önnur hér á landi en almennt tíðkast. Samkvæmt íslenskum skilgreiningum er talað um grunnskóla og framhaldsskóla (auk leik- og háskóla). Í Bretlandi eru mörk framhaldsskóla neðar en hér og líklega myndi 9. bekkur grunnskóla teljast framhaldsskóli eða á ensku *secondary school*. Þetta er gjarnan leyst hér á landi með því að tala á ensku um *lower secondary* og *upper secondary school* þar sem mörkin eru dregin milli 10. bekkjar grunnskóla og fyrsta árs í framhaldsskóla (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhäuser, 2011).

Kannanir eins og PISA eru annars eðlis en hagstofugagnasöfnin því þá vinnur hópur sérfræðinga eins konar viðhorfakönnun, spurningalista eða próf sem þýdd eru á ólík tungumál. Þessar skrár þurfa því að henta öllum aðildarríkjunum. Auk PISA könnunarinnar má nefna TIMMS og PIRLES (sjá nánar á vef Námsmatsstofnunar). Gögn úr PISA og TIMMS

hafa í sjálfu sér ekki verið véfengd en birting þeirra gagna hrindir iðulega af stað umræðu um skólakerfi í einstökum ríkjum þar sem menn greinir á um stefnur og strauma (Ball, Goodson og Maguire, 2007; Martens, Rusconi og Leuze, 2007). Þegar niðurstöður þessara kannana birtast verða síðan, í sumum löndum, til innanlandslistar þar sem skólum er raðað.

Fyrir utan þessi gagnasöfn þá varð til hugmyndafræði, sem átti rætur að rekja til sjálfsmatsumræðunnar, þar sem talað var um staðla og viðmið (e. *standards, benchmarks*) (DeCoker, 2002; Gamoran, 2007; Green, 2005; Labaree, 2000; Louis, Febey og Schroeder, 2005; Stone, 2002; Vallicelli, e.d.). Samkvæmt henni eru sett viðmið um það hvað nemandi á að kunna á tilteknum stöðum eða tímamótum í skólakerfinu. Síðan eru lögð fyrir stöðluð, viðurkennd próf, byggð á þessum viðmiðum og þau notuð til að skoða hvaða skóli skilar sínu. Staðlaumræðan varð mjög hávæx og hörð í Bandaríkjunum þegar löggjöf kennd við NCLB (No child left behind) var sett af þinginu í tengslum við stjórn George W. Bush um síðustu aldamót (Clinchy, 2007; Gamoran, 2007; Hanushek og Lindseth, 2009; Meier og Wood, 2004). Í Bandaríkjunum eru til þær raddir sem segja að staðlar hafi haft verulega skaðleg áhrif á skólakerfið (Gamoran, 2007; Labaree, 2000; Popham, 2008; Ravitch, 2010; Zhao, 2009) meðan aðrir semja bækur um hvernig megi búa við þetta kerfi, jafnvel efla með því skólustarf (Louis o.fl., 2005; Mahony og Hextall, 2000; Rubenstein og Bright, 2004; Stone, 2002).

Síðast en ekki síst, ber að nefna kerfi þar sem eftirlitsmenn eru sendir í skóla og kanna hvaðeina, safna gögnum, taka viðtöl, horfa í kringum sig, setjast í kennslustundir og þar fram eftir götum. Í Bretlandi er þetta unnið undir stjórn Ofsted, sem er Office for Standards in Education, Children's Services and Skills (Ofsted, 2012). Þetta er stofnun sem heyrir undir breska þingið og henni ber að vera hlutlaus og sjálfstæð. Ofsted aflar gagna með því að senda fólk út í skólana og eru rannsóknir þeirra hátt skrifaðar. Listar Ofsted eru flokkaðir eftir tegund skóla, rekstrarformi og fleiri þáttum þannig að skólastigum, verknámi og bóknámi, svo dæmi sé tekið, er ekki blandað saman.

Eins og fyrr er rakið er til fjöldi fjölþjóðlegra samanburðarrannsókna á skólakerfum. Hér á landi er PISA (Program for international student assessment) líklega þekktust en hún er starfrækt af OECD. Óhætt er að fullyrða að niðurstöður PISA hafi mikil áhrif. Aðrar slíkar eru Trends in International Mathematics and Science Study (TIMSS) og Progress in International Reading Literacy Study (PIRLS) sem eru reknar af stofnun sem heitir International Association for the Evaluation of Educational Achievement (IEA). Námsmatsstofnun er tengiliður Íslands við þessar rannsóknir. Stóru alþjóðlegu listarnir eru svo brotnir niður í hverju landi um sig eftir aðstæðum.

Bretar ganga einna lengst í að gera töflur yfir skóla og byggja þar helst á námsárangri. Í Bretlandi er námskrá sett fram með viðmiðum (Aldrich, 2005; Ball, 2005; Green, 2005). Síðan eru sett viðmið um stöðluð lokapróf á nokkrum stöðum og töflurnar sem birtar eru byggja einfaldlega á árangri skólanna á þessum prófum. Fjölmiðlar gera svo úr þessum töflum fréttæfni eins sjá má af fréttasýrpu dagblaðsins *The Guardian* (2011) á vefslóðinni <http://www.guardian.co.uk/news/datablog/2011/jan/12/secondary-school-tables-gcse-alevel-data>. Þar er með öðru skoðað hversu dýrir framhaldsskólar eru í rekstri miðað við árangur. Skólar keppa því að því að draga úr kostnaði en fjölga þeim sem ná stöðluðu prófunum. Bretar reka gríðarlega flókið eftirlitskerfi og hafa gert það lengi (Wilcox, 2000).

Í Svíþjóð er rekið kerfi sem heitir Skolinspektionen og heldur úti eftirliti, veitir starfsleyfi og veitir skólum umsagnir. Þeir eru hluti af Skolverket sem er þá allsherjar skólaskrifstofa Svíþjóðar og birtir mikið af gögnum um sænska skóla eftir skólastigi og gerð skóla þar sem þeim er raðað eftir gæðaforsendum (Skolverket, 2003, 2009, 2011).

En hversu mikla einföldun má leyfa sér í svona gögnum? Eins og rakið hefur verið þá eru mjög margar umdeildar spurningar á lofti. Í fyrsta lagi er deilt eða efast um gildi svona rannsókna þar sem gríðarlega flókinn veruleiki er einfaldaður í listum og meðaltölum. Í öðru lagi er val á matsþáttum og vægi þeirra gagnrýnt. Slíkir þættir geta stýrt skólaþróun og því mikilvægt að þeir séu faglega valdir í samhengi við námskrár, lög og stjórnvöld; að þeir séu raunverulega mælanlegir, að þeir séu valdir af sanngirni og að það sé á valdi skólanna að breyta því sem breyta þarf á grundvelli gagnanna.

Rannsóknir gefa til kynna að til að matslistar hafi trúverðugleika þá þurfi sá aðili sem verk- ið vinni hafi sterka stöðu og vottun. Árið 2006 voru aðilar sem sáu um svona mælingar kannaðir á vegum OECD. Þeir reyndust annað hvort vera opinberar stofnanir eða sjálf- stæð fyrirtæki vottuð af stjórnvöldum (Salmi og Saroyan, 2007). Í grein eftir Vught og Westerheidjen er fullyrt að samanburðarlistar séu erfiðir. Einfalt sé að skoða einkunnir þar sem þær liggja fyrir í samanburðarhæfu formi. Síðan komi aðrir þættir, starfsandi, náms- framboð, gæði kennslu og fleira. Þannig sé betra, þegar bornir eru saman ólíkir skólar á grundvelli margra þátta, að líta svo á að flokkarnir undirstriki fjölbreytni í skólastarfi. Slíkt sé betra en að reikna einfölduð meðaltöl. Þá verði atriðin sem mæld eru að taka mið af námskrám, eðlilegt sé að blanda ekki mjög ólíkum eða óskyldum atriðum í einfölduð meðaltöl. Loks að leggja ekki mat á atriði sem ekki snerta skólastarf eða skólarnir geta ekki haft áhrif á (Vught og Westerheidjen, 2010).

Í FV (2012) er vitnað til pólska matsfyrirtækisins Perspektywy. Það kynnir sig sem sjálf- stæða stofnun, sem ekki sé rekin í gróðaskyni (e. *non-profit*) og geri rannsóknir á háskól- um og bestu framhaldsskólum Póllands (Bilanow og Siwinski, 2010; Siwinski, 2002). Á vef fyrirtækisins má svo finna á pólsku vefsíður sem útskýra kannanir á framhaldsskólum. Þar kemur m.a. greinilega fram að menntaskólar eða bóklegir framhaldsskólar sem undir- búa til inntöku í háskóla annars vegar og tækni- og iðnskólar hins vegar eru settir hvorir í sinn flokkinn. Matsþættir eru árangur í keppnum sem haldnar eru undir forsjá stjórnvalda; árangur á grunnprófum í pólsku, erlendum málum og stærðfræði miðað við landsmeðal- tal; árangur við brautskráningu og svo orðspor skólanna. Seinasti liðurinn byggði á skoð- anakönnun meðal skólastjórnaenda eftir því sem upplýst er á vefnum.

Í gögnum Perspektywy kemur fram það sjónarmið að val á matsþáttum og vægi þeirra sé huglægt. Allt annað sé hægt að vinna af fræðilegri nákvæmni. Að baki rannsóknum þeirra er mikil gagnaöflun, viðtöl og spurningalistar og fyrirtækið er að auki með stóran faghóp (e. *Supervisory board*) sem stýrir verkefninu. Þá nýtur fyrirtækið vottunar stjórnvalda (e. *The State Accreditation Committee*) (Bilanow og Siwinski, 2010).

Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti er samanburður milli skóla ekki einfalt verkefni. Um- ræðan um sanngirni blómstrar en grundvallaratriðin sem fram koma hjá OECD eru að mælikvarðarnir verða að vera valdir af fagmennsku, þeir verða að tengjast skólastarfinu, gagnaöflun verður að vera vönduð og ekki þýðir að leggja mjög ólíka hluti á sama kvarða. Skólamenn spyrja til að mynda hvort skólinn sé einvörðungu mælanlegir hlutir (DeRoche og Williams, 2001; Meier og Wood, 2004)?

Svo virðist sem það sé einkum fernt sem gefur tilefni til þess að svona listar verði til. Í fyrsta lagi er til gríðarlegt magn af gögnum og tæknin gerir okkur kleyft að vinna þau. Í öðru lagi eru birtir alþjóðlegir listar sem hafa þau áhrif að menntakerfi fara í keppnisham. Til að komast upp listana þarf að greina veikleikana heima fyrir. Í þriðja lagi er sú röksemd að neytendur (foreldrar) hafi handbærar upplýsingar til að þeir geti valið sér og börnum sínum skóla og bólstað. Að lokum að skólar geti bætt sig með listana að vopni (Bilanow og Siwinski, 2010; Siwinski, 2002; Vught og Westerheidjen, 2010). Þessi aðferðafræði er hins vegar umdeild enda óvíst hvaða þættir mæla gæði skólastarfs. Er verið að leita að orðum eins og góður-betri-bestur og þar með vondur-verri-verstur? Eða, eins og oft má

sjá í ensku, orðið *successful* sem er mun mælanlegra? Hvaða þættir mæla gæði eða er betra að mæla árangur og þá í hverju? Þannig er flókin spurningin, hvaða skóli er bestur? Hver er munurinn á skóla sem fær 37,6 í íslensku rannsókninni 2012 og öðrum sem fær 37,69? Tökum eftir að annar er hreinn bóknámsskóli með um 700 nemendur en hinn verknámsskóli með liðlega 2.000 nemendur og eru þó hlið við hlið í listanum (Pawel Bartoszek, 2012).

Raunar er umræðan um gæði skólastarfs umfangsmikil og meiri en svo að hún verði tekin til kostanna hér. Skilgreina þarf hvað orðið menntun felur í sér, hvað geri einn skóla betri en annan, gildi námsgreina og svo margt annað. Hér verður bent á skrif Ball (2005), Ball, Goodson og Macguire (2007) og Labaree (2000) svona rétt til málamynda. Það hefði vissulega verið mikilvægt að *FV* skilgreindi slík hugtök betur og legði til grundvallar vinnu sinni svo þau lægju fyrir frekar en einvörðungu fyrirvarar um að taka mátulega mark á greiningunni (Pawel Bartoszek, 2011, 2012).

Listar af þessu tagi ættu hugsanlega að vera til hliðsjónar enda svo margt sem ekki verður mælt í starfi skóla. Hins vegar geta þeir haft áhrif á skólana á þann hátt að skólarnir fari að laga starf sitt að þeim, beint eða óbeint. Þá skiptir öllu að mældir þættir hafi raunverulegt vægi enda eru það kunn sannindi úr matsvísindum að menn laga sig að þeim þáttum sem mældir eru.

Íslenski framhaldsskólinn sem ein heild?

Framhaldsskólinn íslenski er afar sérstakt og margslungið fyrirbæri. Hugtakið er notað um hóp skóla sem taka við að loknu skyldunámi við lok 10. bekkjar í grunnskóla. Þetta eru liðlega þrjátíu skólar og verða nöfn þeirra skammstöfuð í greininni. Listi yfir skólana, skammstafanir á heitum þeirra sem hér verða notaðar og fleiri upplýsingar eru aftan við greinina.

Skólarnir eru mjög misgamlir. Einn útskrifaði sína fyrstu stúdenta vorið 2012 og annar var á öðru starfsári 2012. Þetta voru FMos og MTr. Elstu skólarnir voru stofnaðir á 19. öld. Sá elsti þeirra, MR, var beinlínis stofnaður til að útskrifa nemendur til háskólanáms og hefur gegnt því hlutverki með ágætum alla tíð. Framhaldsskólarnir eru mjög ólíkir að mörgu leyti. Þrír þeirra sem teknir voru til kostanna af *FV* vorið 2012 eru einkaskólar, þar af tveir bóknámsskólar (VÍ, MHrað) og einn nær hreinn verknámsskóli (TÍ).

Framhaldsskólarnir búa við ólíkar aðstæður, t.d. landfræðilega. Nokkrir eru í Reykjavík (MR, Kvsk, MH, TÍ, FÁ, VÍ, MS, FB, BHS, MHrað) og nokkrir í nærliggjandi sveitarfélögum (FMos, MK, FG, Flensborg, IH). Reykjavíkurskólarnir þjóna að segja má því svæði sem þeir velja sjálfir (Reglugerð..., 2012). MR, MH, Kvsk og VÍ auglýsa sig beinlínis fyrir allt landið, þeir setja í framkvæmd einkunnamörk (Magnús Þorkelsson, 2011) og eru hreinir bóknámsskólar. Tækniskólinn þjónar atvinnulífinu beinlínis, eins og Iðnskólinn í Hafnarfirði og er meðalaldur nemenda þar hærri en í hinum skólunum. MS stendur bóknáms-skólunum nærri en FÁ, FB og Borgarholt sinna breiðum hópi nemenda, bjóða mjög blandaða námsmöguleika og margvíslega þjónustu. Af skólunum í nágrennabyggðum Reykjavíkur þá sinna þeir meira sinni heimabyggð en jafnframt stærri hópi eftir föngum. MK býður t.d. nám sem tengist matvinnslu- og veitingageiranum með meiru. Flensborgarskólinn er fyrst og síðast með Hafnfirðinga í námi en er að langstærstum hluta bóknámsskóli. Ef við lítum á önnur landsvæði má segja að fjölbreytnin minnki ekki. Skólar sem sérhæfa sig í bóknámi eru tveir, ML og MA, en aðrir eru blandaðir og þjóna fyrst og síðast sínu nær-umhverfi.

Skólarnir eru afar misjafnir að stærð. Í þeim minnstu eru um 100 nemendur en stærstu á þriðja þúsund. Stærstu skólarnir, að frátöldum einum, eru í Reykjavík og nágrenni og fjórir

skólar í Reykjavík taka um 30% nemendanna (Kvsk, MH, MR og VÍ). Þeir taka jafnframt mjög valinn hóp eða einvörðungu nemendur með háar grunnskólaeinkunnir, án tillits til búsetu og eru einvörðungu bóknámsskólar til stúdentsprófs. Þetta hefur tíðkast með einhverjum frávikum síðustu áratuginna og er nánast orðið viðurkennt af stjórnvöldum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b). Flestir skólanna starfa sem fjölbrautaskólar, einn er áfangakerfisskóli með bóknám og sex teljast bekkjarkerfisskólar.

Þessi samanburður sem hér er rakinn gerir það að verkum að alhæfingar um skólakerfið eru afar erfiðar. Það eru til dæmis ólíkar aðstæður þeirra þriggja skóla á Austurlandi þar sem alls eru um eitt þúsund nemendur eða þeirra 15 skóla sem eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Í þeim eru um 18 þúsund nemendur.

Í framhaldsskólum landsins eru um 25–30 þúsund nemendur. Þessi hópur er í staðnámi í skólunum, í fjarnámi, sumarnámi og kvöldnámi í skólum sem eru t.d. skipulagðir sem tveggja til fjögurra ára skólar til stúdentsprófs. 70% grunnskólanemenda innrita sig í bóknám á hverju vori en þegar nánar er að gáð kemur í ljós að heildarnemendahópur framhaldsskólanna skiptist þannig að 47% eru í bóknámi til stúdentsprófs, 37% í starfstengdu námi, 15% í almennu námi (uppfylla ekki inntökuskilyrði brauta) og 1% á starfsbrautum fyrir fatlaða (tölur frá Hagstofu Íslands). Að auki sýna tölfræðigögn frá OECD (OECD, 2010b) og frá Hagstofunni (Hagstofa Íslands, 2011), auk rannsókna (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2011; Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannahäuser, 2011), að um 30% nemenda ljúka ekki lokaprófi í framhaldsskóla.

Niðurstaða þessa hluta er sú að ekki sé rétt að raða skólum heldur væri nær að skoða t.d. námsbrautir eða aðrar heildir sem hægt er að bera saman (stúdentsprófsbrautir milli skóla, verknámsbrautir milli skóla, heilbrigðisbrautir o.s.frv.) frekar en skólana alla sem hluta af einni heild.

Aðferðafræði og gildi rannsókna

Frjálsrar verslunar 2011 og 2012

Í lögum um framhaldsskóla segir svo um markmið framhaldsskólans:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífínu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun. (*Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008*)

Í inngangi *Aðalnámskrár* segir jafnframt um framhaldsskólann:

Honum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífínu og frekara nám. Innan veggja framhaldsskólans gefst nemendum því kostur á að velja sér fjölbreyttar námsleiðir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Náminu lýkur með mismunandi námsgráðum, svo sem framhaldsskólaprófi, prófi til starfsréttinda, stúdentsprófi, iðnmeistaraprófi eða með öðru lokaprófi. Námsbrautarlýsingar

á framhaldsskólastigi taka mið af þessum mikla fjölbreytileika. Þær þurfa að mæta kröfum atvinnulífs og næsta skólastigs, um leið og þær veita nemendum alhliða almenna menntun. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011)

Áður hefur komið fram það sjónarmið OECD og Perspektywy að eðlilegt sé að rannsókn á skólastarfi taki mið af námskrá, að mælikvarðarnir séu námstengdir, sanngjarnir og það sé á færi skólanna að bæta stöðu sína. Eins og sjá má hér að ofan gera lögin frá 2008 og aðalnámskrá ráð fyrir margbrotnu skólastarfi. Til þess að könnun *FV* standi undir þeim kröfum sem hér hefur verið fjallað um hlýtur að vera um mikla gagnaöflun að ræða.

Eru kannanir árána 2012 og 2011 tölulega samanburðarhæfar?

Í *Töflu 1* má sjá þá meginþætti sem notaðir voru 2011 og 2012 (Pawel Bartoszek, 2011, 2012) og vægi þeirra innbyrðis. Liðurinn fagkeppnir er samantekt á næstu þremur liðum en þær tölur eru innan sviga til að rugla ekki samtölurnar. Vægi nær allra liða breyttist mikið milli ára. Árið 2011 voru undirþættirnir 17 en 2012 voru þeir 20. Allir þættirnir breytast eitthvað en tilkoma liðarins um árangur í Háskóla Íslands breytir hlutföllum verulega með þeim afleiðingum að vægi þáttanna riðlast mikið. Þá eru liðir á borð við aðsókn, fagkeppnir og fleira byggðir á meðaltali nokkurra ára í úttektinni frá 2011 en ekki 2012. Af því leiðir að erfitt er að bera saman röðun þessara tveggja kannana *FV*. Tilfærslur eru líklegri til að vera vegna reikniaðferðanna en af öðrum ástæðum. Þess er raunar getið í greininni frá 2012 en samanburðurinn samt látinn standa. Af þeim sökum er óvarlegt að bera saman niðurstöður árána nema í þeim þáttum sem eru sambærilegir.

Tafla 1 – Yfirflokkar og vægi þeirra í úttektum <i>Frjálsrar verslunar</i> 2011 og 2012		
Þættir	2011	2012
Aðsókn	5,88%	5%
Menntun kennara	5,88%	10%
Fagkeppnir	65%	45%
• Raungreinar	(29%)	(17%)
• Tungumál	(18%)	(11%)
• Verk- og tæknigreinar	(18%)	(11%)
Vinsældir og félagslíf	24%	10%
Árangur í háskóla	–	30%

Að mæla námsárangur?

Einn þáttur könnunar *FV* er árangur í háskóla, nánar tiltekið Háskóla Íslands (HÍ). Hér nýtir höfundur sér gögn sem kennslumálanefnd HÍ tók saman, þar sem skoðað var hvernig nemendum í HÍ farnaðist eftir skólum. Um er að ræða árangur nemenda í HÍ skólaárin 2005–2007, sem eru þá nemendur sem luku framhaldsskóla 2004 eða fyrr. Það er, nemendur sem luku námi að minnsta kosti sjö árum áður en fyrri rannsóknin var gerð (Pawel Bartoszek, 2012).

Hér er verið að meta árangur þeirra sem ljúka námi til stúdentsprófs einvörðungu. Nemendasamsetning framhaldsskólanna var skýrð hér að ofan. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands má ætla að heildarhlutfall nemenda í námi til stúdentsprófs sé um tæpur helmingur. Skólaárið 2009–2010 útskrifuðust 6.515 nemendur úr einhvers konar framhaldsskólánámi, þar af 2.587 með almennt stúdentspróf eða tæp 40% þeirra sem luku lokaprófi frá framhaldsskóla. Ekki fóru allir þessara stúdenta í háskólanám og ekki heldur til náms í HÍ, en erfitt er að finna traustar tölur um þetta. Einhverjir fóru til náms erlendis og alls eru

sjö háskólar hér á landi. Ef við rýnum í nemendatölur háskólanna þá voru tæp 70% háskólanemenda (68%) í HÍ, sem gefur hlut þeirra í tölfraðinni nokkurt vægi. Ef við gerum ráð fyrir því að allir þessir stúdentar hafi farið í einhvern háskóla og að 70% þeirra hafi farið í HÍ þá eru það liðlega 1.800 nemendur. Það eru aðeins örfá prósent þeirra sem voru í framhaldsskóla og um 28% þeirra sem útskrifuðust skólaárið 2009–2010.

Þeir skólanna sem eru best mælingahæfir í þessum samanburði eru þeir sem útskrifa einungis stúdenta eða MR, Kvsk, MH, VÍ, MS, FG, Flb, ML og MA. Aðrir skólar verða ekki mældir að sama skapi á þessum kvarða. Þessi þáttur, vægi árangurs í háskóla (HÍ), vegur 30% í rannsókn *FV* þannig að áhrif þessa hljóta að teljast mikilvæg.

Menntun kennara

Ekki er óeðlilegt að meta menntun kennara. En hvernig og hvað skal telja? Í forsendum rannsóknar *FV* kemur skýrt fram að miðað er við prófgráður á háskólastigi. Þetta þýðir að kennarar og skólar á sviði iðnmenntunar fá heldur lága einkunn. Menntun kennara er talin í námsárum háskóla en ekki námsgráðum. Þannig lenda kennarar iðngreina sjálfkrafa neðarlega á lista þó að þeirra menntun jafngildi háskólamenntun bóknámskennara hvað varðar gildi hennar fyrir skólann. Ekki er spurt um kennsluréttindi. Hér gildir það sama bæði árin. Tekið skal fram að bæði árin er þessi skekkja dregin fram af *FV* en samt er þessi þáttur látinn telja í meðaltali bæði árin.

Aðsókn hverra?

Ein spurningin um réttmæti snýr að því hvort meta eigi aðsókn og fjölda umsókna um skóla. Bæði árin var litið til þess hversu margar umsóknir komu frá nýnemum. Árið 2011 var tekið meðaltal þriggja ára en 2012 var síðasta innritun, vorið 2011, lögð til grundvallar. Þannig var athugað hversu margar umsóknir skólar fá fyrir hvert laust pláss. Erfitt er að sjá hvað aðsókn segir um gæði skólustarfs. Líklegra er að hún mæli væntingar, árangur markaðssetningar, gott eða illt umtal, landfræðilega legu o.s.frv. Nær væri að spyrja nemendur um það hvernig móttökurnar voru.

Í könnun ársins 2011 var þessi þáttur tæplega 6% en 5% 2012.

Hér er að fleiru að huga. Á hverju vori koma um 4.000 nemendur 10. bekkjar á innritunarmarkað. Stærsti hluti þeirra, liðlega tveir þriðju, velur sér bóknám (Magnús Þorkelsson, 2011). Stúdentsprófaskólarnir flestir; VÍ, MR, MS, Kvsk, ML og MA, taka einvörðungu inn að vori. Hins vegar má sjá af gögnum úr grunni framhaldsskóla (INNA – <http://inna.is>) fyrir skólaárið 2011–2012 að heildartölur eru aðrar. Fyrir haustönn 2011 voru 4.215 nýnemar í kerfinu að innrita sig. Á sama tíma sóttu 6.506 eldri nemendur um flutning milli skóla, endurkomu eða að fá að hefja nám. Í nóvember var 3.461 nemandi á ferð. Og hvernig breytir þetta myndinni? Þetta eru tæplega tíu þúsund fleiri nemendur að sækja um skóla en gert er ráð fyrir í könnun *FV*. Þar að auki sést að TÍ fær um 2300 umsóknir, BHS og FB yfir eitt þúsund en rétt þar á eftir FÁ, MK og VMA. Eini hreini bóknámskólinn sem nálgast þessa síðustu í umsóknafjölda er MH. VÍ var með um 500 umsóknir en aðrir slíkir skólar voru með mun minna.

Fagkeppnir?

Liðlega helmingur einkunnarinnar í könnunum *FV* er þátttaka og árangur í keppnum. Íslandsmót iðngreina eru haldin í nánu samstarfi við starfsgreinaráð framhaldsskólanna, sem eru höfundar námskrár á þeim sviðum og fagfélög viðkomandi greina (Verkið, 2012). Þessar keppnir má því tengja við kennslu og námskrá, en engu að síður eru þær bundnar við örfáa einstaklinga frá hverjum skóla. Alls munu um 120 nemendur hafa keppt í 19 greinum á þessu ári. Í könnun *FV* er unnið með fimm þeirra.

Keppnir í stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði, frönsku, þýsku, ensku og forritun eru haldnar af ólíkum aðilum (vefslóðir þeirra eru í lista á undan heimildaskrá). Framhaldsskólakeppni í stærðfræði er á vegum Íslenska stærðfræðifélagsins og Félags raungreinakennara, Landskeppni í efnafræði á vegum EFNÍS (Efnafræðifélags Íslands) og Félags raungreina-kennara, og Eðlisfræðikeppni framhaldsskóla á vegum Eðlisfræðifélags Íslands. Eins og sjá má eru þessar þrjár keppnir nátengdar Háskóla Íslands, sem lýsir miklum áhuga þar.

Félag þýzkukennara stendur fyrir Þýskubraut en Félag frönskukennara fyrir Allons en France. Félag enskukennara stendur fyrir ræðukeppni á ensku og forritunakeppni er á vegum Háskólans í Reykjavík (HR). Oft koma kennarar einstakra skóla þar að en ekki stjórnvöld eða skólarnir sem slíkir. Í þessum keppnum, jafnvandaðar og þær kunna að vera, taka örfáir þátt miðað við fjölda nemenda í einstökum skólum. 15 skólar kepptu í raungreinakeppnum en athuga ber að bóknámskólar taka nær eingöngu þátt í keppnum í stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði. Verknámskólar keppa frekar í forritun og tækni (sem er Áskorun HR og Boxið – framkvæmdakeppni framhaldsskóla). Einungis fimm skólanna keppa bæði í tungumálakeppnum og raungreinakeppnum. Af skólunum átta sem keppa í iðngreinakeppnum keppti enginn að neinu marki í akademísku keppnunum. Árið 2011 líkti höfundur þessara rannsókna *FV* þessum samanburði við tugbraut (Pawel Bartoszek, 2011), samanlagður árangur væri það sem gildi. Í tugbraut keppa allir í öllu, eftir aldursflokkum og kynjum, svo því sé haldið til haga.

Þessir þrettán flokkar vege 45% í úttektinni 2012. Minni háttar ósamræmis gætir í útreikningum en það breytir engu fyrir þessa samantekt. Hins vegar vakna enn spurningar um sanngirni. Ef við setjum þessar tölur í töflu þá sést hvað átt er við. Hér eru búnir til þrír flokkar skóla. Bóknámskólar (MR, KvsK, MS, MH, ML, FG, MA, ML, VÍ) eða níu alls. Verknámskólar (TÍ, IH). Þriðji flokkurinn er þá fjölbrautaskólar. Þeir skólar sem ekki tóku þátt í neinni keppni er ekki með í töflunni. Einnig voru búnir til þrír flokkar greina, bóknámsgreinar, sbr. hér að ofan, verknámsgreinar og blandaður flokkur þar sem er að finna forritun, Boxið og Áskorun HR.

Tafla 2 – Þátttaka skóla í fagkeppnum				
	Bóknámskeppni (6 flokkar)	Blönduð keppni (3 flokkar)	Verknámskeppni (5 flokkar)	Fjöldi skóla
Bóknámsskóli	28	6	0	9
Fjölbrautaskóli	13	6	9	10
Verknámsskóli	0	3	7	2

Þegar taflan er skoðuð sést hversu þátttaka skólanna er, eðlilega, bundin við megintilgang þeirra. Bóknámskeppnir eru í reynd í sjö flokkum en verknámskeppnir í sex flokkum. Þetta er sagt þar sem Áskorun HR er í raun bóknámstengd keppni en Boxið verknámstengd. Þar að auki er rétt að taka það með í myndina að iðngreinakeppnir sem velja má úr eru í 19 flokkum en ekki fimm.

Gettu betur, Morfís, Söngkeppni framhaldsskólanna og Leiktu betur vege 10%. Þessar keppnir eru á forræði aðila sem ekki falla beint undir stjórn skóla og þar er keppt í þáttum sem ekki teljast til hefðbundinna viðfangsefna skólanna.

Hvers vegna ber að taka þessar niðurstöður *FV* alvarlega?

Það sem gerir könnun sem þessa háalvarlega er að fjöldi fólks tekur hana góða og gilda. Þar sem gögnin eru birt þá festast þau í sessi. Hins vegar er fjöldamargt sem athuga má eða bæta, sérstaklega við verklag og framsetningu gagnanna.

Þegar rannsókn *FV* er sett í alþjóðlegt samhengi þá kemur í ljós að hún hefur enga vottun eða viðurkenningu. Hún er unnin af sjálfstæðu útgáfufyrirtæki og í fljótu bragði virðist sem höfundar hafi næsta litla yfirsýn yfir framhaldsskólann, nema lesandi ímyndi sér að um vísitandi hlutdrægni sé að ræða. Þetta er unnið til að selja blað, eins og sjá má af kynningu og fyrirsögnum. Í blaðinu sem út kom á árinu 2012 segir á síðu 53: „Kannanir sem þessar þekkjast í mörgum löndum ...“ og áfram er haldið og bent á könnun pólska matsfyrirtækisins *Perspektywy* sérstaklega (Pawel Bartoszek, 2012). Þegar könnun *FV* er borin saman við vinnulag *Perspektywy* þá greinir verulega á milli. Í fyrsta lagi eru rannsóknarþættir ekki valdir á sama hátt, gögnum safnað og þau túlkuð. Í öðru lagi er listinn ekki settur eins saman eða greindur sundur með tilliti til gerðar, hlutverks og eignarhalds skóla.

Það er síðan umhugsunarefni hvesu leiðandi uppbygging þessara tveggja kannanna *FV* er í reynd og ólík milli ára, bein tenging við starf skólanna afar óljós og gagnaöflun byggð á verulega grunnnum rannsóknnum. Síðan er allt sett í flókinn talnaleik sem ekki er auðvelt að skilja. Það er mat þess sem hér ritar að ekki sé hægt að bera íslensku könnunina saman við erlendar rannsóknir eða líkja henni við þær.

Gögnin sem *FV* byggir á eru gögn sem ekki eru vottuð sem sambærileg af skólakerfinu eða stjórnvöldum. Erlendar kannanir s.s. Ofsted og Skoleinspektionen byggja aftur á móti á stöðluðum mælikvörðum, gagnaöflun á vettvangi, viðtölum eftirlitsmanna o.s.frv. Á þessu er reginmunur.

Loks má segja að mælingin endurspegli mælikvarðana. Allt hallar undir bóknám – aðsókn nýnema, árangur í Háskóla Íslands, val á keppnum o.s.frv. Ef þeir skólar sem lenda efst á listunum (árið 2012 voru það MR, MH, VÍ og MA) væru ekki þar þá væri eitthvað alvarlegt í ólagi í þeim ágætu stofnunum. Grunnforsenda *Perspektywy* er rofin með hlutdrægni sem óneitanlega er sumum skólum beinlínis í hag. *FV* hundsar meirihluta skólakerfisins og byggir á keppnum sem ekki eru nema að litlu leyti tengdar starfi skólanna og *Aðalnámsskrár*. Þar með endurspeglar úttekt *FV* hvorki nemendahóp skólanna né það nám sem í boði er.

Í könnun *FV* eru allir skólarnir lagðir á sömu stiku. Að vísu eru settir upp hlutfallareikningar sem eiga að taka tillit til stærðar skólanna enda vekur eftirtekt að öll umgjörð úttektarinnar lítur vel út við fyrstu sýn. Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að um mikla einföldun er að ræða. Í raun er ekki verið að mæla íslenska framhaldsskólakerfið heldur hvernig hluti þess skilar nemendum í gegnum stúdentspróf til Háskóla Íslands. Það kann að vera verðugt rannsóknarefni en er tæplega mælikvarði á kerfið í heild.

Í grein *FV* frá 2012 (bls. 53) er stutt viðtal við höfundinn sem nefnir að kannanir sem þessar séu þekktar „í mörgum löndum“. Hann nefnir sérstaklega títtnefnda könnun pólska fyrirtækisins eða matstofnunarinnar *Perspektywy* sem eigi sér nokkurra ára sögu. Hann segir jafnframt að kannanir sem þessar dragi fram „styrkleika og veikleika í menntakerfinu“ og tekur fram að vitaskuld séu menn ekki sammála um hvað skuli mæla (Pawel Bartoszek, 2012). Að bera þessa rannsókn saman við pólsku könnunina eða gefa í skyn að könnunin íslenska segi eitthvað til um styrkleika eða veikleika íslenska skólakerfisins getur tæplega talist rétt mat. Mat þeirrar úttektar sem hér er birt er að rannsókn *FV* sé sett í umbúðir sem við fyrstu sýn virðast fagmannlegar en matsþættirnir séu þess eðlis að útkomi niðurstaða sem lítið er að marka og megi beinlínis telja villandi.

Vitaskuld var blað *FV* vorið 2012 í vinnslu þegar HÍ birti gögn um einkunnir nemenda í HÍ eftir skólum eins og fjallað var um í dagblaðinu *DV* 16. maí 2012 (Ásta Sigrún Magnúsdóttir, 2012), *Fréttablaðinu* 18. sama mánaðar (Fréttablaðið, 2012) og vefsetrinu *visir.is* sama dag („Sömu skólarnir ítrekað í efstu sætunum“, 2012). Þar gefa forystumenn HÍ afar

skýrar yfirlýsingar um framhaldsskólann sem ritstjóri *FV* hefði þurft að taka með í sína mynd enda eru þær rannsóknir mun betur unnar og byggðar á mun vísindalegri aðferðafræði en skýrsla *FV*. Hins vegar gildir það sama um þær, að þær fjalla einvörðungu um þá framhaldsskólanemendur sem ljúka stúdentsprófi og fara í HÍ.

Þegar grein *FV* birtist fyrra árið var undirritaður meðal annarra kallaður til viðtals á *Rás 2 Ríkisútlagsins*. Þetta var 20. maí 2011. Af spjalli við stjórnendur mátti ráða að þeim fannst framsetning *FV* sniðug og hagnýt fyrir foreldra og ungmenni. Álit þess sem hér skrifar er að markaðssetning *FV* sé slík að þeir sem standi utan skólakerfisins muni einmitt taka svipaðan pól í hæðina enda næsta fátt annað tiltækt að byggja á mat á skólum. Full ástæða er til að vara við þessu og miklu varðar að skólakerfið og stjórnvöld komi sér upp skilmerkilegri umræðu um mat á skólastarfi.

Framhaldsskólaskrá

Skráin byggir á fjárlagafrumvarpi (*Frumvarp til fjárlaga nr. 1/2011*), gögnum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands. Undir fyrirsögninni *Skammstöfun* geta verið tvær skammstafanir, annars vegar sú sem er formlega notuð og hins vegar algengt heiti skólans. Undir *Gerð* eru flokkuð þrjú grunnkerfi skóla, bekkjarkerfi (Bekk.), fjölbrautakerfi (Fjölb.) og áfangakerfi (Áfk.). Hafa ber í huga að fjölbrautaskólar byggja að jafnaði á áfangakerfi. Undir *Staðsetning* stendur skammstöfunin Nágr. fyrir nágrenni höfuðborgarinnar og Vestfirðir og Vesturland falla í einn flokk. Flokkun undir *Ráðandi nám* byggir á *Fjárlagafrumvarpi*. Blanda merkir að starfsréttindanám sé álíka fyrirferðarmikið og bóknám. Nám telst ráðandi þegar það nær um þremur fjórðu hlutum af umfangi náms við skóla. Bóknám er t.d. fyrirferðarmest í Flensborg. *Rekstrarform* skýrir sig sjálfst en rétt er að geta þess að einkaskólar hafa fengið álíka framlög frá ríkinu og ríkisreknu skólarnir eins og sjá má í fjárlögum.

Tafla 3 – Skrá yfir skóla, skammstafanir, skólagerð og fleira

Nafn	Skammstöfun	Gerð	Staðsetning	Ráðandi nám	Rekstrarform	Vefsíða
Borgarholtsskóli	BHS	Fjölb.	Rvk	Blanda	Opinb.	www.bhs.is
Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra	FNV	Fjölb.	Norð.	Blanda	Opinb.	www.fnv.is
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	FSnæ	Fjölb.	Vest.	Bókn.	Opinb.	www.fsn.is
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Fsu	Fjölb.	Suðl.	Blanda	Opinb.	www.fsu.is
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	FSS	Fjölb.	Suðn.	Blanda	Opinb.	www.fss.is
Fjölbrautaskóli Vesturlands	FVA	Fjölb.	Vest.	Blanda	Opinb.	www.fva.is
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	FB	Fjölb.	Rvk	Blanda	Opinb.	www.fb.is
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	FG	Fjölb.	Nágr.	Bókn.	Opinb.	www.fg.is
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	FÁ	Fjölb.	Rvk	Blanda	Opinb.	www.fa.is

Flensborgarskólinn	FLB/ Flensborg	Fjölb.	Nágr.	Bókn.	Opinb.	www.flensborg.is
Framhaldsskólinn á Húsavík	FSH	Fjölb.	Norð.	Blanda	Opinb.	www.fsh.is
Framhaldsskólinn á Laugum	Fla/ Laugar	Fjölb.	Norð.	Bókn.	Opinb.	www.laugar.is
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	FAS	Fjölb.	Aust.	Bókn.	Opinb.	www.fas.is
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Fmos	Fjölb.	Nágr.	Bókn.	Opinb.	www.fmos.is
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	FIV	Fjölb.	Suðl.	Blanda	Opinb.	www.fiv.is
Iðnskólinn í Hafnarfirði	IH	Fjölb.	Nágr.	Starfsr.	Opinb.	www.idnskolinn.is
Kvennaskólinn í Reykjavík	KVSK/ Kvenno	Bekk.	Rvk	Bókn.	Opinb.	www.kvenno.is
Menntaskóli Borgarfjarðar	Mborg	Fjölb.	Vest.	Bókn.	Opinb.	www.menntaborg.is
Menntaskólinn að Laugarvatni	ML	Bekk.	Suðl.	Bókn.	Opinb.	www.ml.is
Menntaskólinn á Akureyri	MA	Bekk.	Norð.	Bókn.	Opinb.	www.ma.is
Menntaskólinn á Egilsstöðum	ME	Fjölb.	Aust.	Blanda	Einkar.	www.me.is
Menntaskólinn á Ísafirði	MÍ/FVI	Fjölb.	Vest.	Blanda	Opinb.	www.fvi.is
Menntaskólinn á Tröllaskaga	MTr	Fjölb.	Norð.	Bókn.	Opinb.	www.mtr.is
Menntaskólinn Hraðbraut	MHr/ Hraðbraut	Hrbr.	Rvk	Bókn.	Einkar.	www.hradbraut.is
Menntaskólinn í Kópavogi	MK	Fjölb.	Nágr.	Blanda	Opinb.	www.mk.is
Menntaskólinn í Reykjavík	MR	Bekk.	Rvk	Bókn.	Opinb.	www.mr.is
Menntaskólinn við Hamrahlíð	MH	Áfk.	Rvk	Bókn.	Opinb.	www.mh.is
Menntaskólinn við Sund	MS	Bekk.	Rvk	Bókn.	Opinb.	www.msund.is
Tækniskólinn	TÍ	Fjölb.	Rvk	Starfsr.	Einkar.	www.tskoli.is
Verkmenntaskóli Austurlands	VA	Fjölb.	Aust.	Starfsr.	Opinb.	www.va.is
Verkmenntaskólinn á Akureyri	VMA	Fjölb.	Norð.	Starfsr.	Opinb.	www.vma.is
Verzlunarskóli Íslands	VÍ	Bekk.	Rvk	Bókn.	Einkar.	www.verslo.is

Nokkrir vefir tengdir efni greinar

Eðlisfræðikeppni framhaldsskólanna – <http://www.raunvis.hi.is/~martin/ek/>

Félag frönskukennara – <http://www.franska.is/allons-en-france.html>

Félag þýzkukennara – <http://www.ki.is/Pages/2764>

Er hægt að bera saman íslenska framhaldsskóla í einum lista?
Nokkur orð um röðunarkerfi *Fjálsrar verslunar*

Forritunarkeppni framhaldsskólanna – <http://forritun.is>

Framhaldsskólakeppnin í stærðfræði – <http://www.raunvis.hi.is/~stak/>

Hagstofa Íslands – <http://hagstofan.is>

Inna.is – <http://inna.is>

Landskeppnin í efnafræði – <http://www.raunvis.hi.is/~marb/NChOIce/index.htm>

Námsmatsstofnun – <http://namsmat.is>

Ofsted – <http://www.ofsted.gov.uk>

Perspektywy – <http://perspektywy.pl>

Skolinspektionen – <http://skolinspektionen.se>

Skolverket – <http://Skolverket.se>

Heimildir

Aldrich, R. (2005). *Lessons from history of education. The selected works of Richard Aldrich*. London: Routledge.

Ásta Sigrún Magnúsdóttir. (2012). „Framhaldsskólinn skiptir ekki máli.“ *dv.is*, 16. maí. Sótt af <http://www.dv.is/frettir/2012/5/16/framhaldsskolinn-skiptir-ekki-mali/>

Ball, S. J. (2005). *Education policy and social class. The selected works of Stephen J. Ball*. London: Routledge.

Ball, S. J.; Goodson, I. og Maguire, M. (2007). *Education, globalisation, and new times*. London: Routledge.

Bilanow, K. og Siwinski, W. (2010). The Perspektywy ranking: the art of evolution. *Journal of International Higher Education*, 3(4), 165–167.

Clinchy, E. (2007). *Rescuing the public schools: What it will take to leave no child behind*. New York, NY: Teachers College Press.

DeCoker, G. (2002). *National standards and school reform in Japan and the United States*. New York: Teachers College Press.

DeRoche, E. F. og Williams, M. M. (2001). *Educating hearts and minds: a comprehensive character education framework*. Thousand Oaks, California: Corwin Press.

Fréttablaðið. (2012). „Sömu skólarnir ítrekað í efstu sætunum.“ *Fréttablaðið*, 18. maí, bls. 1.

Frumvarp til fjárlaga nr. 1/2011.

Gamoran, A. (2007). *Standards-based reform and the poverty gap: Lessons for No Child Left Behind*. Washington, D.C.: Brookings Institution Press.

Green, C. (2005). *The privatization of state education: Public partners, private dealings*. London: Routledge.

Hagstofa Íslands. (2011). Brautskráningarhlutfall og brottfall af framhaldsskólastigi. *Fréttir*. Nr. 90/2011. Sótt af <http://hagstofan.is/Pages/95?NewsID=5981>

Hanushek, E. A. og Lindseth, A. A. (2009). *Schoolhouses, courthouses, and statehouses: solving the funding-achievement puzzle in America's public schools*. Princeton: Princeton University Press.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2011). The development in Icelandic education: Situations in 2011 in the perspective of a century. Í P. Mikiewicz (ritstjóri), *Social capital and education: Comparative research between Poland and Iceland. Final report*. (bls. 52–95). Wrocław: University of Lower Silesia.

Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhäuser. (2011). Drop out in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lamb, *School drop-out and completion: International comparative studies in theory and policy* (bls. 233–251). Dordrecht: Springer.

Labaree, D. F. (2000). Resisting educational standards. *Phi Delta Kappan*, 82(1), 6.

Louis, K. S.; Febey, K. og Schroeder, R. (2005). State-Mandated Accountability in High Schools: Teachers' Interpretations of a New Era. *Educational Evaluation and Policy Analysis*, 27(2), 177–204.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Magnús Þorkelsson. (2011). „Skólinn, þældum ekkert í námsframboðinu!“ Hvers þarf að gæta þegar íslensk ungmenni eru spurð út frá hverju þau velja sér framhaldsskóla? Starfendarannsókn. [Ritgerð við Háskóla Íslands.] Sótt af <http://www.flensburg.is/maggi/phd/paeldum.pdf>

Mahony, P. og Hextall, I. (2000). *Reconstructing teaching standards, performance, and accountability*. London, New York: Routledge Falmer.

Martens, K.; Rusconi, A. og Leuze, K. (2007). *New arenas of education governance : the impact of international organizations and markets on educational policy making*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.

Meier, D. og Wood, G. H. (2004). *Many children left behind: How the No Child Left Behind Act is damaging our children and our schools*. Boston: Beacon Press.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011b). *Hvernig tryggjum við nýnemum skólavist í framhaldsskólum?* Sótt 18. júlí 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/2011/04/02/nr/6639>

OECD. (2010a). *Are the New Millennium Learners Making the Grade? Technology Use and Educational Performance in PISA 2006*. Paris: OECD Publishing.

OECD. (2010b). *Education at a glance 2010: OECD indicators*. Paris: Organisation for Economic Co-operation Development, OECD.

Ofsted. (2012). *Ofsted*. [Vefsetur.] Sótt af <http://www.ofsted.gov.uk/>

Er hægt að bera saman íslenska framhaldsskóla í einum lista?
Nokkur orð um röðunarkerfi *Frjálsrar verslunar*

Pawel Bartoszek. (2011). Í fyrsta sinn á Íslandi; samantekt *Frjálsrar verslunar* á íslenskum framhaldsskólum: Hvaða skólar skara framúr? *Frjáls verslun*, 34–47.

Pawel Bartoszek. (2012). Hvaða skólar skara framúr? *Frjáls verslun*, 50–62.

Popham, W. J. (2008). *Transformative assessment*. Alexandria, VA: Association for Supervision and Curriculum Development.

Ravitch, D. (2010). *The death and life of the great American school system: How testing and choice are undermining education*. New York: Basic Books.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008. (2012). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Rubenstein, R. N. P. og Bright, G. W. (2004). *Perspectives on the teaching of mathematics: Sixty-sixth yearbook*. Reston, VA: National Council of Teachers of Mathematics.

Salmi, J. og Saroyan, A. (2007). League Tables as Policy Instruments: Uses and Misuses. *Higher Education Management and Policy*, 19(2), 31–68.

Siwinski, W. (2002). Perspektywy – ten years of rankings. *Higher education in Europe*, XXVII(4), 399–406.

Skolverket. (2003). *Kartläggning av åtgärdsprogram och särskilt stöd i grundskolan*. Stockholm: Skolverket.

Skolverket. (2009). *Beskrivande data 2009. Report 335*. Stockholm: Skolverket.

Skolverket. (2011). *Skolverkets lägesbedömning 2011. Del 1 – Beskrivande data 2011. Report 363*. Stockholm: Skolverket.

Stone, R. (2002). *Best practices for high school classrooms: what award-winning secondary teachers do*. Thousand Oaks, California: Corwin Press.

Vallicelli, A. E. (e.d.). *Demonstration of Illinois Professional Teaching Standards*. Sótt af http://courses.education.illinois.edu/ci235/template/new/standards_teaching.html

Verkiðn. (2012). *Verkiðn*. Sótt af <http://verkidn.is/>

Vught, F. A. v. og Westerheijden, D. F. (2010). Multidimensional ranking: A new transparency tool for higher education and research. *Higher Education Management and Policy*, 22(3), 1–26.

Wilcox, B. (2000). *Making school inspection visits more effective: the English experience*. Paris: Unesco, International Institute for Educational Planning.

Zhao, Y. (2009). *Catching up or leading the way: American education in the age of globalization*. Alexandria, VA: ASCD.



Magnús Þorkelsson. (2012). Er hægt að bera saman íslenska framhaldsskóla í einum lista? Nokkur orð um röðunarkerfi *Frjálsrar verslunar*. *Netla – Vefritun um upplæsi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/008.pdf>